



Drög að ályktun um kjara- og atvinnumál fyrir 7. þing SGS

Horfur á vinnumarkaði hafa versnað eftir því sem liðið hefur á árið 2019 og útlit fyrir að svo verði áfram. Um sjö þúsund manns eru nú án atvinnu samkvæmt skráningu Vinnumálastofnunar og hefur þeim fjölgað um ríflega 2.500 frá sama tíma í fyrra.

Efnahagslífið hægir nú á sér eftir 8 ára samfellt hagvaxtarskeið. Samkvæmt nýrri hagspá ASÍ dregst landsframleiðsla saman um 0,3% á þessu ári sem skýrist bæði af verulegum samdrætti í útflutningi og minni þjóðarútgjöldum. Framundan er því skammvinnt samdráttarskeið. Raungerist spá ASÍ má búast við hægum vexti á næsta ári, 0,6%, en að umsvif í hagkerfinu fari vaxandi á árinu 2021 og þá verði hagvöxtur 2,3%.

Seðlabankinn hefur lækkað stýrivexti umtalsvert á undanförunum mánuðum, lækkunin er 1,25 prósentustig frá því kjarasamningarnir voru undirritaðir þann 1. apríl.

Háir vextirnir hafa verið hér á landi og hversu hátt vaxtastig hefur leikið heimilin í landinu grátt og sömuleiðis atvinnulífið. Eitt stærsta málið í lífskjarasamningnum er einmitt lækkun vaxta.

En það er engan veginn nóg að Seðlabankinn lækki stýrivexti, krafan er að bankakerfið – viðskiptabankarnir - skili lækkuninni til almennings, til fólksins í landinu.

Staðreyndin er nefnilega sú að lækkun stýrivaxtanna hefur ekki skilað sér alla leið, lækkun vaxta hjá viðskiptabönkunum er sára lítil.

Horfur á vinnumarkaði hafa versnað eftir því sem liðið hefur á árið 2019 og útlit fyrir að svo verði áfram. Um sjö þúsund manns eru nú án atvinnu samkvæmt skráningu Vinnumálastofnunar og hefur þeim fjölgað um ríflega 2.500 frá sama tíma í fyrra. Það er mikilvægt verkefni fyrir okkur öll að berjast með öllum ráðum með gegn atvinnuleysinu.

Staðreyndin er sú að þeir hópar sem skildir voru eftir í uppsveiflu síðustu ára, m.a. vegna mismununar á húsnæðismarkaði, eru þeir sömu og eiga í mestri hættu á að missa atvinnuna í niðursveiflu og verða illa fyrir barðinu á umbreytingum á vinnumarkaði. Aðgerðir til að tryggja að umskiptin gerist á forsendum launafólks með jöfnuði og réttlæti að leiðarljósi eru þess vegna ekki viðfangsefni framtíðarinnar heldur meðal mikilvægustu verkefna dagsins í dag.

Nýleg rannsókn ASÍ á umfangi og eðli launabjófnaðar (eða brotastarfsemi) á íslenskum vinnumarkaði styður enn frekar við þann grun um að launabjófnaður sé stundaður hér á landi og að oft sé illa farið með starfsfólk á íslenskum vinnumarkaði, sér í lagi erlent vinnuafl. Slík brotastarfsemi er alvarleg meinsemd á íslenskum vinnumarkaði og verður að uppræta með öllum tiltækum ráðum. Alþýðusambandið og aðildarfélag þess hafa brugðist við þessari öfugþróun með stórefldri upplýsingamiðlun og vinnustaðaeftirliti með það að markmiði að styðja þessa féлага okkar og aðstoða þá við að sækja rétt sinn. Sá árangur sem náðst hefur dugar hvergi nærri til. Það þarf að senda skýr skilaboð til fyrirtækja og samfélagsins alls um að brotastarfsemi á vinnumarkaði og misnotkun á erlendu launafólki og ungmennum á vinnumarkaði verði að uppræta með öllum tiltækum ráðum, t.a.m. með bættri löggjöf og regluverki, öflugri upplýsingamiðlun og eftirliti og stuðningi við brotpóla.